



Fréttatilkynning frá  
skrifstofu forseta Íslands

## FORSETI ÍSLANDS FER TIL NOREGS Á ALDARAFMÆLI ÍSLENDINGAFÉLAGSINS

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, heldur í dag til Noregs þar sem hann er heiðursgestur á 100 ára afmælishátíð Íslendingafélagsins í Osló og nágrenni. Þá mun forseti eiga fund með Haraldi V. Noregskonungi.

Dagana 19.–21. október eru haldnir svokallaðir *Ísdagar* í Osló með veglegri menningardagskrá sem Íslendingafélagið stendur fyrir í tilefni af því að öld er liðin frá stofnun þess sem var á fullveldisdaginn þann 1. desember 1923. Talið er að þar hafi búið um 30–40 Íslendingar á þeim tíma, en í dag eru ríflega 9.000 íslenskir ríkisborgarar skráðir til heimilis í Noregi og er starf Íslendingafélagsins virkt.

Meðal viðburða sem forseti sækir á afmælishátíðinni verður *Kvöldvaka* með Íslendingakórnum og *Óperugala* með íslensku tónlistarfólki. Forseti mun opna myndlistarsýninguna *Frá fyrstu kynnum* í Gamle Munch safninu, þar sem sýnd verða verk íslenskra og norskra listakvenna, og síðar setja þar barnamenningarhátíð. Forseti tekur þátt í kynningu Norsk-íslenska viðskiptaráðsins á íslenskum fyrirtækjum með starfsemi í Noregi og mun opna bókmenntahátíð í Litteraturhuset sem helguð verður íslenskum bókmenntum. Þá verður forseti heiðursgestur í móttöku borgarstjóra Oslóar fyrir meðlimi Íslendingafélagsins.

Forseti kemur aftur til Íslands á sunnudag.

18. október 2023

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249).